

Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Hornafirði, 30. október 2018  
nr. erindis 201810040 MÁ

**Málefni: Umsögn um frumvarp: tillaga til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árið 2019 – 2023, 173. mál og einnig fyrir árin 2019 – 2033, 173. mál.**

Sveitarfélagið Hornafjörður fagnar því að aukið fjármagn er sett í samgönguáætlun til ársins 2033. Hér fyrir neðan má sjá umsögn við tveimur frumvörpum um samgönguáætlun.

**Vegaframkvæmdir**

Sveitarfélagið lýsir ánægju og er sammála flestum þeim markmiðum sem lögð eru fram í samgönguáætluninni. Við viljum þó vekja sérstaka athygli á neðangreindum markmiðum sem tilgreind eru hér að neðan í tengslum við nýtt vegstæði yfir Hornafjarðarfljót:

- 2.1.9 Einbreiðum brúm verði fækkað
- 2.1.22 Íbúar landsbyggðarinnar eigi kost á að komast til höfuðborgarinnar á um 3,5 klst samþættum ferðatíma, akandi, með ferju og/eða í flugi.
- 2.1.13 Flutningsleiðir á landi og sjó verði skilgreindar. Vegir skilgreindir með áherslu á nægjanlegt burðarþol, næga breidd og bundið litlag.

**2.5. Markmið um jákvæða byggðapróun**

- 2.5.1 Leitast verði við að styrkja samgöngur þannig að sem flestum landsmönnum sé
- kleift að nálgast nauðsynlega opinbera þjónustu á sem stystum tíma.
- 2.5.2 Unnið verði að styttingu ferðatíma innan skóla- og vinnusóknarsvæða.
- 2.5.3 Framkvæmdir og þjónusta samgöngukerfisins miði að því að auka öryggi og styrkja skóla- og vinnusóknarsvæði.

Að þessu sögðu gerir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar alvarlegar athugasemdir við og lýsir miklum vonbrigðum yfir að vegstytting yfir Hornafjarðarfljót (hringvegur um Hornafjörð) skuli ekki vera að fullu fjármögnuð á

Þessari áætlun og að framkvæmdum verði frestað til 2021. Það hefur verið einhugur í bæjarstjórnnum undanfarinna ára um framkvæmdina. Margra ára undirbúningsvinnu er lokið og framkvæmdaleyfi hefur verið gefið út. Bæjarstjórn skorar á samgönguráðherra og þingmenn að endurskoða framlagða áætlun. Vegstæðið uppfyllir þessi helstu markmið sem tilgreind eru hér að ofan, þ.e. hún fækkar einbreiðum brúm um fjórar, styttir akstursleiðir til þéttbýlis um 14 km og þ.m.t. til skóla og heilbrigðisþjónustu, styttir hringveginn um 11 km. Þar sem samgöngur í lofti eru ekki valkostur fyrir hinn almenna íbúa sökum verðlags þá er eingöngu hægt að notast við landleiðina. Leiðin eflir öryggi vegfarenda með því að fækka einbreiðum brúm og fækka vegtengingum inn á þjóðveginn umtalsvert. Flutningsleiðir Hornfirðinga liggja um vegi landsins og einnig er ferðamannastraumur mikill á svæðinu. Nýtt vegstæði breiðar veiki og eflir þannig flutningsgetu vegarins og öryggi ferðamanna.

Sveitarfélagið hefur áhyggjur af því hversu seint stefnt er að byggingu nýrrar brúar yfir Steinavötn en hún er á áætlun 2029-2033 en brúin eyðilagðist í kjölfar mikilla flóða í vatnsveðri haustið 2017. Ný brú var byggð til bráðabirgða en staðsetning hennar er þannig að lykka kemur á þjóðveginn til að komast að brúnni. Ef brúin er ekki byggð fyrr en eftir 10 ár er því nauðsynlegt að tryggja betri aðkomu að brúnni. Samkvæmt framlagðri samgönguáætlun fækkar einbreiðum brúm í sveitarfélaginu um 14 í heildina að tímabili loknu sem verður að teljast ánægjulegt.

Því er fagnað að í samgönguáætlun þessari er lagt fram það markmið að styrkja gerð innviða fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur sem miðar einnig að því að hvetja fólk til að nota fjölbreytta ferðamáta. Með því að veita fé til hjóla- og göngustíga meðfram umferðarmestu þjóðvegum er komið til móts við markmið í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Sveitarfélagið Hornafjörð sér mikil tækifæri í eflingu hjólreiðamenningu í sýslunni og hefur lengi áformað að leggja göngu- og hjólreiðastíg inn í Nesjasveit. Umferðarþungi um vegi sýslunnar er orðinn það mikill að einstaklingar sem velja að hjóla um vegi sýslunnar leggja sig í töluverða hættu. Það er því mikilvægt að byggja upp hjólastíga meðfram þjóðvegum.

### **Hafnarframkvæmdir**

Eftirfarandi markmið eru lögð fram í samgönguáætlun er varðar hafnarframkvæmdir:

- 2.1.12 Greiðsluþátttöku ríkisins í hafnarframkvæmdum verði forgangsraðað annars vegar í þágu öryggis og hins vegar í þágu atvinnusköpunar.
- 2.1.18 Rannsóknir sem varða hafnir og siglingaleiðir verði eflar.
- 2.4.8 Stuðlað verði að því að skip verði tengd rafmagn í höfnum.

Höfnin við Hornafjörð er lífæð sveitarfélagsins. Öflugt sjávarútvegsfyrirtæki er í þéttbýlinu sem hefur haldið úti stórum skipaflota og háu atvinnustigi. Með aukinni tækni og hagræðingu hafa skip stækkað og útgerði eflst. Innsiglingin um Hornafjarðarós hefur verið erfiður viðureignar um langt skeið. Vegagerðin hefur byggt upp varnargarða, unnið rannsóknir og farið í dýpkunarframkvæmdir í gegnum tíðina. Nú hafa staðið yfir rannsóknir í nokkur ár vegna mikils sandburðar í innsiglinguna sem stafar meðal annars af hlýnun loftslags og bráðnun jökla. Þessar rannsóknir eru að skila árangri og á samgönguáætlun er sett fé til rannsókna á næsta ári til undirbúnings þeirra framkvæmda sem eru á áætlun 2020 og 2021 en þá er áætlað að byggja upp sandfangara við Einholtskletta. Það er mikilvægt að fé verði

áfram sett til rannsókna á grynslunum til að meta áhrif sandfangarans og í kjölfar þarf að setja fé til dýpkunar.

Það kemur fram að það fjármagn sem sett er í Hafnarbótasjóð dugi skammt til þeirra viðhaldsframkvæmda sem liggja fyrir. Í áætluninni er sett fjármagn í uppbyggingu Miklagarðsbryggju. Einnig er mikil þörf á endurnýjun Vogabryggju fyrir neðan Hafnarvogina en það er ekki á samgönguáætlun.

### **Flugsamgöngur**

Sveitarfélagið fagnar því markmiði að miðað verði að því að áfram verði tveir alþjóðflugvellir á suðvesturhorni landsins sem geti svarað eftirspurn á hverjum tíma, tryggt öryggi og samkeppnishæfni landsins. Það er mikilvægt fyrir innanlandsflug og þá sérstaklega sjúkraflyg í landinu að Reykjavíkflugvöllur verði áfram til staðar til að tryggja öryggi íbúa landsins og stytta samgöngur frá landsbyggðinni til höfuðborgarinnar.

Einnig er að finna markmið í áætluninni er varðar aðgengi flugvéla inn í landið:

2.1.16 Gáttir inn í landið um aðra alþjóðlega flugvelli verði þróaðar áfram og uppfylli ávallt settar öryggiskröfur.

Sveitarfélagið hefur lengi barist fyrir því að opnað verði á möguleika millilandaflugs um Hornafjarðarflugvöll. Þingsályktunartillaga var lögð fyrir alþingi fyrr á þessu ári um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, 149. mál. Bæjarstjórn lagði fram umsögn þar sem eftirfarandi bókun var samþykkt:

*"Bæjarstjórn leggur þunga áherslu á að þessi þingsályktunartillaga verði tekin til afgreiðslu og samþykkt. Bæjarstjórn vísar jafnframt í fyrri umsagnir sínar um að minni véllum í millilandaflugi og ferjuflugi verði veitt heimild til að lenda á Hornafjarðarflugvelli. Til þess þarf að styrkja starfsemi flugvallarins enn frekar. Það mun efla atvinnulíf á Hornafirði, uppbyggingu og vöxt Vatnajökulsþjóðgarðs auk þess að auka öryggi í flugi yfir landið."*

Bæjarstjórn vísaði einnig í fyrri bókun bæjarráðs og áður sent erindi:

*„Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar tók málið fyrir á fundi nr. 809 18. apríl og eftirfarandi var bókað:*

*Bæjarráð fagnar framkominni þingsályktunartillögu. Bæjarráð telur að með framgöngu hennar styrkist uppbygging atvinnulífs og ferðaþjónustu á Suð-Austurlandi enn frekar og geti verið liður í dreifingu ferðamanna um landið. Bæjarráð telur ekki síður mikilvægt að horft sé til öryggis í flugsamgöngum milli landa. Hornafjarðarflugvöllur hentar vel fyrir litlar og meðalstórar ferjuflugvélar á leið til og frá landinu.“*

Bæjarstjórn ítrekar þessa bókun sína í umsögn um Samgönguáætlun 2019-2033.

Virðingarfyllst

---

Matthildur Ásmundardóttir  
bæjarstjóri  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRDUR**